

7. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Stykkishólmsbæjar eða aðilum á þeirra vegum er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

9. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að uppfylla ákvæði 2. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. apríl 2005. Þeir sem halda fleiri en 2 ketti á sama heimili við gildistöku samþykktar þessarar skulu gera sérstakt samkomulag um kattahald sitt við Stykkishólmsbæ fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. desember 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

- | | |
|---------------------------------|---------------------|
| a) Almennur úrgangur óflokkaður | 3,75 pr. kg án vsk. |
| b) Slátur- og fiskiúrgangur | 4,50 pr. kg án vsk. |
| c) Timbur | 2,50 pr. kg án vsk. |

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2005.

Gjaldskrá nr. 1050 30. desember 2003 fellur niður frá sama tíma.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akureyri árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Akureyri sbr. c. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 360/2001 er kr. 8.500 á árinu 2005.

2. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur ekkert við gjaldskrána að athuga sbr. bréf dags. 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar sem hér segir:

- a. Til leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum.
- b. Til stuttmyndagerðar.
- c. Til heimildamyndagerðar.
- d. Til leikins sjónvarpsefnis.

Upplýsingar um styrki úr Kvikmyndasjóði og umsóknargögn skal birta á vefsíðu Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndamiðstöð skal senda umsækjanda staðfestingu um móttöku umsóknar og upplýsingar um málsmeðferð. Kvikmyndamiðstöð skal birta ráðstafanir á öllum fjárveitingum sínum jafnóðum á vefsíðu sinni.